

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1225/2007 um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

- a. Í stað fyrsta liðar í töflu ákvæðisins koma tveir nýir liðir sem orðast svo:
- | | | |
|---|---------------------|-----------------------|
| | <i>frítekjumark</i> | <i>efra tekjumark</i> |
| Tekjutrygging vegna eigin atvinnutekna skv. 2. málsl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. | 1.200.000 kr. | |
| Tekjutrygging vegna eigin atvinnutekna skv. 3. málsl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. | 327.000 kr. | |
- b. Í stað „2.296.111 kr.“ kemur: 2.349.653 kr.
c. Í stað „3.324.111 kr.“ kemur: 3.583.253 kr.
d. „124.700 kr.“ fellur út.
e. Í stað orðanna „Vasapeningar vegna vinnu á stofnun skv. 5. og 6. málsl. 48. gr.“ kemur: Vasapeningar vegna vinnu á stofnun skv. 5. og 6. málsl. 8. mgr. 48. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 10. mgr. 48. gr. og 69. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. apríl 2008. Ákvæði a-liðar 1. gr. kemur til framkvæmda 1. júlí 2008.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 27. mars 2008.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ágúst Þór Sigurðsson.